

Fundargerð



Fundur í Mennta- og menningarmálanefnd Reykholahrepps
mánudaginn 14. jan. 2019, kl. 13.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir, Ólafía Sigurvinsdóttir og Eggert Ólafsson í stað Vilbergs Práinssonar. Einnig sátu fundinn Björk Stefánsdóttir fyrir hönd foreldrafélags Reykhólaskóla og Íris Ósk Sigþórsdóttir fyrir hönd leikskóla auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

- 1. Fundargerð síðasta fundar:** Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt
- 2. Umsögn um starf tómsundafrúlltrúa:** Lögð fram umsókn frá Jöhönnu Ösp Einarsdóttur. Ekki bárust fleiri umsóknir. Samþykkt að leggja til við sveitarstjórn að Jóhanna verði ráðin til starfans.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skólastjóri mætti til fundarins.

- 3. Menntamálastofnun - kennsla í verk- og listgreinum:** Lagt fram bréf frá Menntamálastofnun varðandi eftirfylgni með kennslustundum í list- og verkgreinum. Skólinn stendur vel hvað það snertir.
- 4. Skýrsla um starf grunnskóla og leikskóla:** Rætt um skýrslu Tröppu um samspil grunn- og leikskóla. Ásta ræddi um ýmislegt sem fram kemur í skýrslunni en marg gott er þar að finna sem nýtist við framtíðaráætlandi fyrir skólann.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.45